

Frumvarp til laga

um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (bann við hefndarklámi).

Flm.: Björt Ólafsdóttir, Brynhildur Pétursdóttir, Guðmundur Steingrímsson,
Óttarr Proppé, Páll Valur Björnsson, Róbert Marshall.

1. gr.

Á eftir 210. gr. b laganna kemur ný grein, 210. gr. c, svohljóðandi:

Hver sem flytur inn, aflar sér eða öðrum, birtir eða dreifir myndefni, ljósmyndum, kvikmyndum eða sambærilegum hlutum þar sem einstaklingur er sýndur nakinn eða á kynferðislegan hátt án samþykkis þess sem á myndunum er, skal sæta fangelsi allt að 1 ári en allt að 2 árum ef brot er stórfellt.

2. gr.

Á eftir 229. gr. laganna kemur ný grein, 229. gr. a, svohljóðandi:

Hver sem birtir eða dreifir myndefni, ljósmyndum, kvikmyndum eða sambærilegum hlutum og birting eða dreifing er til þess fallin að valda þolanda tjóni eða vanlíðan eða er lítilsvirðandi fyrir þolandann skal sæta fangelsi allt að 1 ári en allt að 2 árum ef brot er stórfellt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að hefndarklám verði gert refsinaemt. Hefndarklám felur í sér dreifingu eða birtingu á myndum eða myndskleiðum án leyfis þess sem á myndefninu er og sem er til þess fallið að valda viðkomandi tjóni eða vanlíðan eða er lítilsvirðandi fyrir hann. Oft er um að ræða nektarmyndir eða bersýnilega kynferðislegar ljósmyndir og/eða myndskleið af einstaklingi. Hefndarklám dregur nafn sitt af því að myndefninu er stundum dreift í hefndarskyni að loknu ástarsambandi en jafnframt getur verið um að ræða dreifingu myndefnis sem einstaklingur hefur sent í góðri trú.

Netið er lýðræðisvettvangur 21. aldarinnar og er mikilvægt tæki í upplýsingasamfélagi nútímans og til að einstaklingar geti nýtt sér tjáningarfrelsi sitt. Það hefur þó einnig sínar myrkur hliðar, m.a. af því að á netinu verða einstaklingar, einkum konur, oft fyrir mjög kerfisbundnu ofbeldi. Aðgengi að netinu er almennt og auðvelt og hefndarklám sem dreift er á netinu getur verið í dreifingu svo árum skiptir. Slíkt er í raun síendurtekið ofbeldi gegn þolandanum og gróft brot á friðhelgi einkalífs hans. Brýnt er að skilaboð séu skýr til notenda netsins um að þegar þeir fá mynd í hendurnar þá eigi þeir hana ekki og hafa ekki heimild til að dreifa henni áfram. Á þetta ekki hvað síst við þegar um er að ræða mynd eða myndskleið sem augljóst er af efninu að ekki er ætlað til dreifingar, svo sem þar sem nekt kemur við sögu eða kynferðislegir tilburðir eða ástand sem augljóst er að einstaklingurinn á myndinni mundi

ekki vilja að alþjóð eða heimurinn sjái. Mikilvægt er að fólk taki ábyrgð og taki ekki þátt í að dreifa myndefni sem þessu.

Síðustu missiri hefur mikil umræða verið um hefndarklám, bæði hér heima og erlendis. Í apríl sl. birtist m.a. frétt þess efnis að á erlendri spjallsíðu væru íslenskir karlmenn að skiptast á myndum af fáklæddum íslenskum stúlkum. Þær yngstu væru á fjórtánda aldursári og fram kom að hundruð mynda af íslenskum stúlkum væru komnar inn á spjallsíðuna.¹ Þá virðist raunin vera sú að konum í áberandi stöðum í samfélaginu, t.d. í kvikmyndaleik, hefur verið að því er virðist kerfisbundið ógnað með dreifingu á myndefni af þeim sem er til þess fallið að lítillækka og kúga. Alheimssamfélagið hefur brugðist við, umræðan hefur verið mikil og niðurstaðan er sú að í raun í sé um kynferðisafbrot að ræða.

Stór hluti fórnarlamba hefndarkláms er ungt fólk og jafnframt virðist hluti dreifenda hefndarkláms vera úr sama hópi. Mikilvægt er að fræða ungt fólk um áhrif þess að dreifa hefndarklámi og alvarleika slíkra brota. Ekki er nægilegt að fræða einungis um lagaleg áhrif þess verði frumvarp þetta samþykkt þó að slíkt muni augljóslega varpa ljósi á alvarleika gerninga sem þessara. Einnig er brýnt að fræða um sálræn áhrif þess á þolendur. Koma þarf öllum, þar á meðal börnum og ungu fólki, í skilning um hversu alvarlegt brot slíkt dreifing er og hversu víðfeðm og djúpstæð áhrif hún getur haft.

Þá þarf að tryggja að þeir sem senda myndir af sér í grandvaraleysi geri sér grein fyrir því að slíkar myndir geta farið í dreifingu en með því að gera dreifingu myndefnisins refsinaema minnka væntanlega líkur á því. Nauðsynlegt er þó jafnframt að tryggja að ábyrgðinni og sökinni sé ekki skellt á þolendur hefndarkláms, eins og oft vill verða um þolendur kynferðisofbeldis, heldur þá sem dreifa myndefninu og fremja brotin. Frumvarp þetta er fyrsta skrefið í þá átt að tryggja að sökin lendi á þeim sem hana eiga að bera, dreifendum hefndarklámsins, og er skýr skilaboð til þolenda glæpa af þessu tagi að mál þeirra séu tekin alvarlega sem og að kerfið standi með þolendum gegn þeim sem brotið hafa gegn þeim.

Gildandi löggjöf.

Birting nektarmynda í óþökk þeirra einstaklinga sem á þeim er hefur aukist gríðarlega en hér á landi hefur reynst erfitt að heimfæra slíkt athæfi undir ákvæði almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Birting og dreifing myndefnis af þessu tagi getur varðað við ákvæði 233. gr. b laganna þar sem kveðið er á um að sá sem móðgar eða smánar maka sinn eða fyrrverandi maka, barn sitt eða annan mann sem er nákominn geranda og verknaður verður talinn fela í sér stórfelldar ærumeiðingar skuli sæta fangelsi allt að tveimur árum. Ákvæðið er þó ýmsum takmörkunum háð enda nær það einungis til maka, fyrrverandi maka eða annarra nákominna einstaklinga en ekki annarra sem dreifa eða birta myndefnið. Þá er ákvæðið tiltölulega nýlegt í hegningarlög, frá 2006, og þó svo að nokkur hefndarklámsmál séu til rannsóknar á grundvelli þess hefur það ekki verið grundvöllur dóms í hefndarklámsmáli.

Birting myndefnis af þessu tagi getur einnig varðað við 229. gr. laganna þar sem kveðið er á um að hver sem skýrir opinberlega frá einkamálefnum annars manns, án þess að nægar ástæður séu fyrir hendi er réttlæti verknaðinn, skuli sæta sektum eða fangelsi allt að einu ári. Þetta ákvæði, líkt og 233. gr. b, er í XXV. kafla laganna sem snýr að ærumeiðingum og brotum gegn friðhelgi einkalífs. Hefndarklám er því marki brennt að um er að ræða gróft brot gegn friðhelgi einkalífs sem einnig getur telst til kynferðisbrots. Í XXII. kafla hegningarlaga þar sem fjallað er um kynferðisbrot eru ákvæði sem oft hefur verið vísað til í umræðunni um hefndarklám. Samkvæmt 2. mgr. 210. gr. hegningarlaga varðar það allt að sex mánaða fang-

¹ <http://www.visir.is/nektarmyndir-af-stulkum-a-fermingaraldri-a-spjallsidu/article/2014704159975>.

elsi að útbýta eða dreifa klámmyndum eða öðrum slíkum hlutum. Í 3. mgr. 210. gr. er kveðið á um að það varði sömu refsingu að láta slíka hluti af hendi við unglunga yngri en 18 ára.

Í mörgum tilvikum eru fórnarlömb hefndarkláms einstaklingar undir 18 ára aldri. Slík myndbirting fellur undir barnklám og er refsiverð með allt að tveggja ára fangelsi í samræmi við 210. gr. a hegningarlaga.

Þegar hefndarklám er nýtt til að hóta, kúga eða neyða þann sem á myndefni til greiðslna, kynferðislegra athafna eða annars slíks getur verið um að ræða brot á ýmsum ákvæðum hegningarlaga.

Myndbirting sem fellur undir hefndarklám getur einnig í einhverjum tilvikum varðað við höfundalög, nr. 73/1972.

Þrátt fyrir framangreind ákvæði er ekki um að ræða skýr lagaákvæði sem gera hefndarklám refsinnæmt. Með frumvarpi þessu er því lagt til að slíkum ákvæðum verði bætt við hegningarlög og tekinn af allur vafi um alvarleika brota sem þessara.

Löggjöf nágrannalanda.

Hefndarklám er alþjóðlegt vandamál en fá lönd hafa gripið til sérstakrar löggjafar til að banna hefndarklám og gera það refsinnæmt þó að þörfin sé vissulega brýn. Mörg ríki Bandaríkjanna hafa þegar gripið til lagasetningar og var New Jersey fyrst til að setja löggjöf um þetta efni árið 2003. Þar heyrir dreifing hefndarkláms undir brot á friðhelgi einkalífs en síðan þá hefur umræðan um hefndarklám þróast mjög og nú er almennt litið á brot af þessu tagi ekki einungis sem gróf brot á friðhelgi einstaklinga heldur fyrst og fremst sem kynferðisbrot. Fleiri ríki Bandaríkjanna hafa nú gert hefndarklám refsinnæmt og árið 2013 varð Ísrael fyrst landa til að setja slík lög.

Á Norðurlöndunum virðist umræðan um hefndarklám hafa verið svipuð og hér á landi og kröfur um aðgerðir og breytingar á löggjöf orðið hávæðari. Í Bretlandi er nú unnið að breytingum á löggjöf sem flokkar dreifingu hefndarkláms sem kynferðisbrot.

Danmörk.

Í Danmörku varðar það sekt eða allt að sex mánaða fangelsi að dreifa með óréttmætum hætti frásögnum eða myndum af einkalífi annars einstaklings eða myndum af viðkomandi við aðstæður sem augljóslega eiga ekki að koma fyrir almenningssjónir, sbr. 264. gr. d í dönskum hegningarlögum. Sömu viðurlög eiga við þegar frásögn eða mynd varðar látinn mann.

Finnland.

Í 24. kafla finnsku hegningarlaganna, um brot gegn friðhelgi einkalífs og meiðyrði, er m.a. kveðið á um refsinnæmi þess að dreifa upplýsingum sem brjóta gegn friðhelgi einkalífs. Varðar það sekt að dreifa í fjölmiðli eða veita á annan hátt stórum hópi fólks aðgang að vitneskju, vísbendingu eða mynd sem varðar einkalíf manns þannig að valdi þolanda tjóni eða vanlíðan eða sé lítilsvirðandi fyrir þolandann. Ef birt er gróft efni getur það varðað allt að tveggja ára fangelsisvist. Samkvæmt finnskum lögum þarf þolandinn þó sjálfur að kæra athæfið nema augljóst sé að almannahagur krefjist þess að ákært verði vegna þess.

Noregur.

Samkvæmt 390 gr. norskra hegningarlaga skal sá sem brýtur gegn friðhelgi einkalífs með því að upplýsa um einkahagi eða heimilishagi dæmdur til sektar eða fangelsis í allt að þrjá mánuði. Sé staðið skipulega að dreifingu slíkra upplýsinga getur brotið varðað allt að sex mánaða fangelsi, sbr. 330. gr. laganna.

Svíþjóð.

Í Svíþjóð er ekki í gildi sérstök löggjöf sem gerir hefndarklám refsinsæmt. Við vissar aðstæður getur dreifing kynferðislegs myndefnis sem brýtur gegn friðhelgi einstaklings fallið undir ákvæði þarlendrar hegningarlaga um róg eða ærumeiðingar. Ákvæðið um róg tekur bara til tiltekinna brota og óljóst er hvar mörkin liggja þegar um er að ræða svokallað hefndarklám. Ákvæði um róg og grófan róg er að finna í sænsku hegningarlögunum og skv. 1. gr. 5. kafla laganna skal sekta þann sem dreifir upplýsingum til að gera einhvern tortryggilegan vegna þess hvernig hann hagar lífi sínu. Uppljóstrarinn er ekki sakhæfur, komi í ljós að honum var skylt að koma upplýsingunum á framfæri eða uppljóstrunin var verjanleg í ljósi aðstæðna. Skv. 2. gr. 5. kafla skal dæma til sektar eða fangelsisvistar í allt að tvö ár fyrir gróf brot miðað við þann skaða sem uppljóstrunin hefur valdið.

Bretland.

Í Bretlandi hefur verið lagt fram frumvarp sem gerir dreifingu hefndarkláms refsinsæmt. Frumvarpið var lagt fram eftir að rannsókn sýndi fram á að börn frá 11 ára aldri hefðu verið fórnarlömb hefndarkláms. Frumvarpið hefur þegar verið rætt og samþykkt af neðri málstofu breska þingsins og fór 3. umræða um frumvarpið í Lávarðadeildinni fram 10. nóvember sl. Frumvarpið er nú aftur til meðferðar í neðri málstofunni þar sem breytingartillögur Lávarðadeildarinnar verða ræddar. Því er þess væntanlega ekki langt að bíða að frumvarpið verði að lögum. Samkvæmt því varðar dreifing hefndarkláms allt að tveggja ára fangelsi. Nánar tiltekið tekur brotið til allrar dreifingar djarfra mynda eða myndskreiða af fyrri maka eða öðrum einstaklingum án þeirra leyfis. Frumvarpinu er ætlað að ná til efnis sem deilt er á samfélagsmiðlum, símleiðis, með tölvupósti, á netinu eða í prentuðu formi. Þolendur geta tilkynnt brot til lögreglu sem ber að rannsaka. Hafi sá sem dreifði myndefninu jafnframt gerst sekur um önnur kynferðisbrot samkvæmt breskum lögum, t.d. ef um börn undir 18 aldri er að ræða eða ef hefndarklám er nýtt til að kúga einstaklinga eða neyða þá til kynferðislegra athafna, getur ákvæðið um hefndarklám verið nýtt til refsipýngingar.

Bann við hefndarklámi.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til tvær breytingar á hegningarlögum, nr. 19/1940. Annars vegar er lagt til að dreifing og birting hefndarkláms verði skilgreind sem kynferðisbrot í XXII. kafla laganna þegar um er að ræða birtingu eða dreifingu myndefnis eða myndskreiða sem sýnir einstakling nakinn eða á kynferðislegan hátt í óþökk þess sem er á myndunum. Hins vegar er lagt til að við XXV. kafla laganna um ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs bætist ákvæði sem geri birtingu eða dreifingu refsiverða þegar hún er til þess fallin að valda þolanda tjóni eða vanlíðan eða er lítilsvirðandi fyrir þolandann.

Dreifing og birting hefndarkláms þar sem myndefni sýnir einstakling nakinn eða á kynferðislegan hátt er vissulega til þess fallið að valda þolanda tjóni eða vanlíðan eða vera lítilsvirðandi fyrir þolandann. Ekki þótti þó nægjanlegt að setja einungis ákvæði um bann við hefndarklámi í XXV. kafla laganna og kveða á um að slíkt sé brot á friðhelgi einkalífs heldur einnig talið brýnt að skilgreina alvarlegustu birtingarmyndir hefndarkláms sem kynferðisbrot. Nauðsynlegt er að birting og dreifing hefndarkláms sé gerð refsiverð og að lögin endurspegli skýrt alvarleika slíkra mála.

Í tengslum við umræðu um bann við hefndarklámi hefur oft komið upp umræða um tjáningarfrelsi þeirra sem dreifa hefndarklámi, einkum í Bandaríkjunum. Mikilvægt er að standa vörð um tjáningarfrelsið sem er ein af grunnstoðum lýðræðis og skv. 2. mgr. 73. gr. stjórnskrárinnar verður tjáningarfrelsinu aðeins settar „skorður með lögum í þágu

allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum.“ Með frumvarpi þessu er lagt til að tjáningarfrelsinu verði settar ákveðnar skorður með lögum til þess að vernda bæði réttindi annarra og mannorð þeirra. Þegar slíkar skorður eru settar á neytingu ákveðinna stjórnarskrárbundinna réttinda til að verja réttindi annarra er mikilvægt að ekki sé gengið of langt en nauðsynlegt er og að fram fari ákveðið hagsmunamat. Þegar horft er til hagsmuna aðila mála sem þessara er ljóst að hvorki sá sem dreifir hefndarklámi né almennigur hefur af því sérstaka hagsmuni en verulega er brotið á friðhelgi einkalífs þess sem verður fyrir slíkum verknaði og rétti hans til verndar persónuupplýsinga. Lagasetning sem þessi setur því augljóslega réttlætanager og nauðsynlegar hömlur á tjáningarfrelsi til að tryggja mun ríkari hagsmuni.

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að við XXII. kafla hegningarlaga bætist ný grein sem kveði á um að hver sem flytur inn, aflar sér eða öðrum, birtir eða dreifir myndefni, ljósmyndum, kvikmyndum eða sambærilegum hlutum þar sem einstaklingur er sýndur nakinn eða á kynferðislegan hátt án samþykkis þess sem á myndunum er, skuli sæta fangelsi allt að einu ári en tveimur ef brot er stórfellt.

Brot sem falla undir ákvæðið ná ekki einungis til dreifingar eða birtingar heldur einnig til öflunar eða innflutnings myndefnis. Með birtingu og dreifingu er átt við hvers konar birtingu eða dreifingu, hvort sem hún er gerð t.d. með því að dreifa prentuðum eintökum, birta myndir á netinu eða á samfélagsmiðlum eða dreifa myndum símleiðis eða í tölvupósti. Með því að skilyrða birtingu því að samþykki liggi fyrir frá þeim sem er á myndunum geta þeir sem fá myndefni frá þriðja aðila eða sækja sér það af netinu ekki borið við góðri trú og fellur öflun þeirra og endurbirting einnig undir ákvæðið. Þá eiga önnur ákvæði hegningarlaga einnig við þar sem við á, til að mynda ef um er að ræða myndefni af einstaklingi undir 18 ára aldri, sbr. 210. gr. a, eða ef myndefnið er notað til að neyða einstaklinga til kynferðislegra athafna, sbr. 194. gr.

Eins árs hámarksrefsing er lögð til með vísan til annarra ákvæða hegningarlaga. Þannig varðar það allt að sex mánaða fangelsi skv. 210. gr. að dreifa klámejni. Þegar um er að ræða dreifingu hefndarkláms er um mun alvarlegra brot að ræða enda brotið á ákveðnum einstaklingi. Telja verður að eitt ár sé hóflega ákvarðað enda er það sambærileg refsing og þegar um er að ræða brot gegn friðhelgi þar sem skýrt er frá einkamálefnum annars manns skv. 229. gr. Tveggja ára refsing við stórfelldum brotum er jafnframt til samræmis við refsingu skv. 233. gr. b laganna. Umfang brota getur verið mismikið, allt frá einni mynd eða myndskaiði upp í hundruð eða þúsund og mikilvægt er að hart sé tekið á skipulagðri birtingu og dreifingu.

Flutningsmenn telja þó eðlilegt að við umfjöllun þingnefndar um málið verði refsiramma brota af þessu tagi skoðaður nánar og hvort erindi sé til að ákvarða jafnvel hærri hámarksrefsingu.

Um 2. gr.

Með 2. gr. frumvarpsins er lagt til að við XXV. kafla hegningarlaga bætist nýtt ákvæði sambærilegt því sem finna má í 24. kafla finnskra hegningarlaga um brot gegn friðhelgi einkalífs. Lagt er til að kveðið verði á um að hver sem birtir eða dreifir myndefni, ljósmyndum, kvikmyndum eða sambærilegum hlutum og birting eða dreifing er til þess fallin að

valda þolanda tjóni eða vanlíðan eða er lítilsvirðandi fyrir þolandann skuli sæta fangelsi allt að einu ári en allt að tveimur árum ef brot er stórfellt.

Mikilvægt er að veita einstaklingum vernd fyrir gjörningum sem þessum og þegar horft er til þess hvort dreifing eða birting er til þess fallin að valda tjóni eða vanlíðan eða vera lítilsvirðandi ber að líta til þess að um er að ræða myndefni eða upplýsingar sem einstaklingur vill halda fyrir sig og sem lúta að vernd persónuupplýsinga hans sem er snar þáttur í rétti til friðhelgi einkalífs. Myndefnið þarf að vera þess eðlis að einstaklingur hafi ekki ætlað það til birtingar eða dreifingar og það þarf að vera almenningi óviðkomandi. Til að leggja mat á hvort birting eða dreifing myndefnis falli undir refsináemi ákvæðisins þarf að horfa til þess hvort sannanlegt tjón, vanlíðan eða lítilsvirðing sé til staðar en jafnframt þarf að líta með almennum hætti á málavexti og meta hvort einstaklingar mundu við þessar aðstæður almennt upplifa vanlíðan, tjón eða lítilsvirðingu. Mikilvægt er þó þegar einstakir hópar eiga í hlut að aðlaga mat að aðstæðum, þroska þeirra og eiginleikum. Þetta getur t.d. átt við þegar um er að ræða börn, þ.e. einstaklinga undir 18 ára aldri, en þá er eðlilegra að nota matskennd viðmið sem hæfa stöðu þeirra enda brýnt að veita þeim ríkari vernd. Börn eiga erfðara en fullorðnir með að bera hönd fyrir höfuð sér og átta sig á afleiðingum gjörða sinna og eru einnig líklegri til að taka atburði nærri sér og er þar með hættara við að dreifing eða birting myndefnis af þeim geti valdið þeim tjóni eða vanlíðan eða verið lítilsvirðandi.

Við mat á því hvort birting eða dreifing hefndarkláms veldur vanlíðan eða tjóni eða er lítilsvirðandi verður að horfa til þess að þegar um er að ræða myndefni sem einstaklingur ætlaði ekki til birtingar getur dreifing eða birting orðið til að kalla fram mikla vanlíðan, ekki hvað síst þegar dregin er upp önnur mynd og verri af viðkomandi en hann hefur sjálf birt fyrir almenningi. Slíkt getur líka haft lítilsvirðandi áhrif. Hvað tjón varðar getur verið um að ræða fjárhagslegt tjón en jafnframt óefnislegt, það getur t.d. falist í tjóni á virðingu, trausti eða mannorði viðkomandi.

Líkt og þegar um er að ræða birtingu eða dreifingu sem fellur undir 1. gr. frumvarpsins nær ákvæðið yfir alla birtingu og dreifingu hvort sem hún er gerð með prentuðum eintökum, á netinu eða samfélagsmiðlum, símleiðis eða í tölvupósti.

Við ákvörðun refsiramma voru sömu sjónarmið höfð til hliðsjónar og nefnd hafa verið í umfjöllun um 1. gr. frumvarpsins.